

<http://www.globalfinancialcapitalny.org/invincibility.html>

**Goþrún dimmblá skráir
mál litlu kjaftforu völvu**

Óðsmál in fornu ISBN 978-9935-409-40-9

Fylgði þeim friður hvar er þeir fóru um lönd
og þóttu þeir goðumlíkir

38. ISBN 978-9935-409-37-9

**friður --
stjórnarskrá
alheims**

*„.....Hér er hugur manns á fingerðasta mögulega stigi
og í fullkomnu samræmi við tívatún, samsvið náttúrulegumálanna,
og hugsar þaðan.*

*Hér verða aðeins týréttar hugsanir til,
því hér er allt í Þundarflæði.*

*Ekki brotakennd þekking, heldur
fullkomin þekking á valdi þeirra manna sem heyja frið.“*

Göia goði, Óðsmál,
<http://www.mmedia.is/odsmal>
frejukettir@mmedia.is; odsmal@mmedia.is



Norræn menning

+354 694 1264; +354 552 8080


www.invincibledefence.org
international center for invincible defence -- waging peace



© GlobalCountry

*Betra er 192 fullvalda ríki en miðstýrðar ríkjasamsteypur,
því hætta er á að völd á fárra manna höndum þjóði heim spillingu.
En: Vitundarstig þjóðanna ræður för,
og þá hækkum við vitundarstig allra 192ja þjóðanna.*

Innra samræmi  Meissner-áhrif, Maharishi-áhrif



Rafsegursvið nær ekki að komast í gegnum Meissners ofurleiðara
Maharishi-áhrifin mynda ósigranleika, ósigrandi þjóð á engna óvin!

Einföld eðlisfræðileg fyrirbæri sem menn þekkja og nota,
og landvættirnar okkar
vinna á sama kjarna um eðli málsins.


Engum þykir neitt óútskýranlegt hvernig helíum sýnir enga viðloðum við
kul, ofsakulda, og að hlutur getur flotið í lausu lofti á því; þetta er bara
eðlisfræði í sinni flottustu mynd.

Varnir hvers lands og allra landa er að heyja frið.
Þekkingin gerir 192 friðsöm sjálfstæð ríki á jörðu,
fullkomið samræmi í þjóðarvitund allra þjóða veldur friði á jörðu.
Einföld og vel skiljanleg vísindi.

friður

stjórnarskrá alheims

Hvar er friðurinn:



dr. John Hagelin eðlisfræðingur, radja; ©GlobalCountry

-Að glata menningu er ekki það að þjóðdansar og búningar hætti að vera í tízku,
 ekki einu sinni það að gömul hljóðfæri voru brennd og bönnuð,
 eða að aðflutt menning komi í stað yfirborðssiða,
 nei, alls ekki svo grunnt,
 heldur
 að undirstaðan tapist,
 sambandið við náttúrulögmálin rofni,
 þekkingin -- sem er innsti kjarni forna siðar -- skiljist ekki;
 það er að tapa menningu.

Yfirborð er hægt að þurrka út með ofbeldi,
 og yfirborð er hægt að búa til á ný með hugmyndgleði,
 en
 hið ósýnilega, sannleikurinn sjálfur, sem deyr aldrei, verður að skiljast.

Við verðum að endurheimta skilning á dýpt menningararfsins okkar ómetanlega.

Sigurður málari gerði allt svart í þjóðbúningnum, en það slys var vegna þess að þeirra tíma menningar menningarvitar héldu að Grikkland til forna hefði verið í svörtu og hvítu, en svo kom í ljós (við forleifauppgröft) að allt

logaði í litum í Grikklandi til forna, litmerlað, en hafði aðeins veðrast af því sem í nýklassikistarnir sáu, svo við getum aftur haft rauðan skúf og lit á peysu, einfalt að lagfæra svona smá menningarslys.

Ég er semsagt ekki að tala um sið sem yfirborð, víkingaklæðnað, eða svartan skúf og svarta peysu....
Ég er að tala um þekkinguna miklu sem við skiljum ekki nógu vel.

Ég er að tala um inntak forna siðar.

Við höfum brugðizt börnum okkar með því að kenna þeim ekki að hugsa, starfa og lifa í flæði með lögmálum náttúrunnar.
Það hefir glatazt um stundarsakir.
Við eigum menningararf sem geymir þessa þekkingu handa okkur, en erum of blind, of yfirborðsleg, of efnisheimslífs þenkjandi, til að skilja grunninn í menningunni okkar og kunna að meta hagnýti hans og gildi.

Ekki er neitt hagnýtara en tækni og vísindi til að tengjast ginnungagapi, vinna útfrá tívatúni, og lifa kraftmikla kyrrð þess í daglegu lífi manns.

Geym, Drottinn, okkar dýra land er duna jarðarstríð, var von og bæn, en svo kom Mad.Albright, kona úr vestri, og ríkisstjórn Íslands ákvað að Íslendindar skyldu verða stríðsþjóð í fyrsta skipti í sögu okkar; ég grét, og fleiri grétu, því Fenrir fitnaði og hló.
Því fátt stríðir meir gegn náttúrulögmálunum en styrjaldir og manndráp, Urður Verðandi Skuld vita hvað það þýðir fyrir þjóð að fara í stríð og drepa fólk. Hefnd Guðs er ekki til, en mennirnir skapa sína Skuldu.
Það eina sem er Guðs vilji er Þundarflæði náttúrulögmálanna, og stríði menn gegn þeim, með vanhugsuðum dýrastigs síns gjörðum, er þanþoli náttúrunnar ofboðið.
Að vísu læzt þetta fólk í ríkisstjórninni trúá á Drottin sem var beðinn um að geyma landið, amk er látið líta svo út við setningu Alþingis og blessun biskups (sumra manna biskups) hér á landi, en enginn skilur hvað er Guðs vilji, því ríkis-Guð ýtir snjóflóði á fólk á Súðavík, enginn skilur Þundarfæði náttúrulögmálanna, því menning okkar er týnd, enginn skilur þá snurðu sem hleypur á þráðinn við að stríða gegn náttúru-lögmálunum;
þetta fólk eys peningum skattborgara í drottinseinokunarlega sértrúarstofnun, til að sanna að það trúí á Drottin eða stofnunina, sem er tvennt ólíkt að vísu; menn mega vara sig á þeim ruglingi að telja veraldlega drottinsstofnun vera Drottin sjálfan;
þjóðin er á lágu vitundarstigi ef ráðamenn halda að ríkisrekin kyrkjudeild sé sama og Drottinn sem hálaunaembættismenn ákalla sér til launa og lífsviðurværis,

menn syngja með mikilli mæð um friðarins Guð en nota hann í stríð og eigið framapot, og dekurstofnanir hafa einkarétt og einokunaraðstöðu til þessa brúks.

Úr hendi lögmála náttúrunnar innan hins mikla svinns, þar sem kraftur paraprakriti drífur í hlutunum, er allt fullkomið og snuðrulaust, -- og tilgangurinn framþróun og fullkomnun. Hið fullkomna upprunulega er það sem uppiheldur,

Þund, dharmā धर्म

Þetta er ið eina sem er Guðs vilji, og þarf ekki að kosta 5-aur.

Náttúrulögmálin eru ósigrandi, þarfnast einskis utanaðkomandi, enginn efast um orku tívatúns. Mennirnir geta lært að vinna útfrá fullkomleika tívasjöta þessara.

Það sem stríðir gegn þessu Þundarflæði endar í sömu mótgjörð.

Því miður eru lög sett af mönnum ekki í samræmi við lögmál úr tívatúni. Menn halda að mannlegt sé að skjátlást, en þeir sem gera skyssur eru ekki þess verðir að kallast menn. Maður í altærum líkama gerir ekki skyssur, aðeins altærir uppljómaðir menn geta borið það nafn, maður.

Menntun bregzt börnunum því þau læra ekki að við erum vitund. (37.) Menntun verður að leiða hvern og einn í það svið tilverunnar sem allt skapast úr. Menn einblína á hið skapaða og hvernig það hegðar sér, einblína á það sem sést/nemst með skilningavitum, það sem hægt er að velta fyrir sér, hugsa um, en skilja ekki, og kenna ekki, hvaðan það kemur, né hvar það svið tilverunnar er að finna. (37, vitundarþroskamenntun, „CBE“.) og eiginlega enginn menntamaður í þessu úrelta menntakerfi veit, að hann er vitund.

Enginn vandi er að lifa Þundarflæðið: við sóum vitund í vitund.



Eins auðveldlega og að bæta vatni í vatn og það er vatn,

*bæta eldi í eld og það er eldur,
er einstaklingsvitund í alheimsvitund vitund
hin eiginlegu við: vitund.*

Yndisleg reynsla, yndisleg þekking.

Þannig lifum við á, og út frá, því sviði sem er í sátt við tilgang lífsins,

*hið eina sem menn geta kallað Guðs vilja, guðanna verk,
það svið sem alltaf er vökult
deyr aldrei.*

*Þaðan er alheimi stjórnað snurðulaust,
og við setjumst við stjórnborðið, tívatún, því við erum menn
með háþróað taugakerfi og háþróaðan heila,
sem virkar fullkomlega -- ef við losnum við grugg og ósvinnu og streitu.*

*Mannleg tilvera er ómetanlega háþróað fyrirbæri.
Við ættum að kunna að meta það að fæðast sem menn.*

Lítillmannlegt er að kenna ekki börnum okkar allt um vitund,

*kenna þeim ekki til hverst við fæðumst og hvernig við náum fullkomnun.
Ekki kann góðri lukku að stjóra -- einsog sjúnt sig hefir -- að gleyma þessu.*

*Mjög einfalt er að lifa og starfa og hugsa útfrá ginnungagapi,
stjórna útfrá tívatúni,
en þaðan stjórnast veröld öll.*

Heiðni er hagnýtt vísindi.

*Eingöngu þeir sem fæðast sem menn hafa hæfileika til þessa.
Mannlegt taugakerfi,
mannlegur heili,
þetta háþróaða mannlega, er lykillinn.*

*Uppruni hugsunar er þarna í hinu enn óskapaða,
möguleikum alls.*

*Með TM, sidhi og yógaflugstækninni þróast hæfileikinn til að vinna útfrá
tívatúni,
ná því að stjórna útfrá stjórnaskrá alheims,
sem framkvæmir þróun alls -- frá minnstu ögn í óendanleika,
úr óendanleika í minnstu ögn.*

<http://www.invincibility.org/>

Yogaflugíð er ofureinfalt fyrirbæri.
Það hefur verið sýnt og útskýrt.
Flókið mannlegt taugakerfi getur verið svo fullkomlega samræmt að það
vinni útfrá tívatúni, samsviðinu,
en þar búa lögmálin sameinuð, og sá ægikraftur sem í þeim býr.

Mannlegt taugakerfi hefur aðgang að þessu sviði, tívatúni.

Mannleg vitund lífgar, með samsviðsækninni TM og sidhi, gárur á
alheimsvitund.

Hin mikla kyrrð púrúsha fær nú að stjórna.
Stjórnarskrá alheims er snurðulaus og aðeins í átt að framþróun.

Á þessu sviði verður allt til,

stjórnarskrár ríkja verða sjálfkrafa réttar
ef þjóðirnar hækkar vitundarstig sitt.

Nú eiga allir að komast á æðri vitundarstig
sjálfum sér og veröld okkar til heilla.

Hin eilífa tilvera ginnungagaps, vitundar,
er gleði,
Glaðheimar mannlegrar vitundar.

ayam aatman brahm अयं आत्म ब्रह्म
vitund hvers einasta manns er ginnungagap.

Þegar þjóðarvitund er í samræmi
styðja einstaklingar hver annan
vinna samræmt einsog landvættirnar okkar,
stjórn lands er sjálfkrafa rétt, einsog lögmál náttúrunnar eru alltaf rétt.

Hópar af mönnum sem stunda TM-sidhi og yógaflug, mynda samræmi,
al-ámáttkt samræmi í þjóðarvitund,
sem gerir þjóðina ósigrandi, al-frjálsa, engu háða nema almættis vilja.

Andskotalausir eru einherjar,
strá brynjum á bekki og þekja sali og vistarverur með vopnum.

a-shatru अशत्रु andskotalaus, राष्ट्रीय कवच konungleg brynja
raashtriiya kavach

Ekkert er auðskiljanlegra en að maður getur unnið útfrá samsviði allra náttúrulögmála.

*Þetta eru vísindi handa öllum mönnum,
vísindi sem allir menn skilja og iðka.*

*Ósk okkar er,
að hver kynslóð um ókomnar aldir
lifi í flæði með náttúrulögmálunum
sem móðir náttúra (36.) hylur sjónum -- en við vitum af.*

*Ég held að gleði, Glæðheimar, Víðarr,
sé andinn í því sem hinir alvöru andlega þenkjandi eru alltaf að reyna að
segja samferðafólkinu, sem er hið eiginlega gnostik.*

Γνοθι σεαυτον þekktu sjálfan þig.

*Ekki þarf að setja merkimiða á fólk
skoðanamerkimiða,
og sannleikurinn þarf ekki að kosta neina peninga,
en peningarnir verða að umbúðum um hugmyndafræði sem kafnar í orðum
um þetta eitthvað sem allir eru að reyna að finna og útskýra með orðum,
sumir á ríkiskassakaupi, sumir af velmeintru hugsjón;
ennfremur heyrir maður þetta fólk segja í hátíðarræðum og viðtölum að
okkar land sé dýrmætt,
auðvitað gott að eiga sér land,
en þetta mat snýst kannski um hverju hægt er að græða peninga á,
því verðmætt og dýrmætt er allt sem hægt er að mjólka pening útúr,
og alcoa platar litla asna um allan heim,
menn virðast hugsa sem svo að sú in fjölnýta fold sé greinilega það sem
við eigum að græða pening á, gernýta og blóðmjólka, því þetta er fjölnýti
foldar og ekkert annað;
og misvitrir stjórnálamenn selja svo erlendum gróðafyrirtækjum þetta
dýrmæta land, eða gróðan af þessum gróðavonardýrmætum sem þeir telja
svo vera.*

(36. móðir náttúra)

*Þetta fólk er jafnvel líka, eins og margir aðrir Íslendingar, stolt af að við
höfum aldrei fyrr en þetta Mad.-mál, stríðsrekstur Íslendinga, átt í stríði við
óvinaþjóðir,
sumir stoltir yfir að við höfum ekki átt eigin her,
en augljóst er að þjóðarsálin langar í stríð
og langar í her,
því ráðamenn geta ekki annað en það sem þjóðarsálin segir til um,*

Það sem þeir vilja er undir niðri afleiðing af vitundarstigi þjóðarinnar.

*Einstaklingsvitund stjórnar gjörðum einstaklings,
þjóðarvitund stjórnar gjörðum ríkisstjórnar Alþingis ráðamanna
þjóð er einstaklingar.*

*Ef einhverjir ráðamenn vilja að ríkiskassinn standi undir einhverju,
svosem, milljarða-dýrri þjóðkyrkju og Íslandi í stríði,
er vitundarstig þjóðarinnar að endurspeglast í því.
Þeir geta ekki annað.*

*Menn vilja vera menn með mönnum, apar með öpum, og apa eftir því sem
þeir sjá í sjónvarpinu,
en fréttamenn geta ekki annað en vitundarstig þjóðar býður uppá.
Fréttir hafa áhrif á lýðinn sem kúps, og vitundarstig lýðsins ræður
hugsunum fréttamanna.
Kallast vitahringur apastigsins.*

*Vitundarstig þjóðarinnar ræður gjörðum ráðamanna og fréttamanna.
Þeir geta ekki annað þegar þeir eru mættir í vinnunna, til hverrar þeir eru
kjörnir eða ráðnir af þessum sama lýð og stýrir lýðveldinu.
Menn halda etv annað,
halda að einhver persóna sé betri annarri í valdastöðu,
en það er ekkert hald í að losna við persónu og setja aðra í staðinn,
meðan vitundarstig þjóðarinnar er ekki hækkað.
Pólítísk hrókun. Virkar ekki.
Kallast alltaf animal farm.
Dugar ekki til meðan þjóðin er á lágum stigum vitundarþroska.*

*Við hóp-iðkun samsviðstækninnar, TM-sidhi®, verða fasaskipti
hjá þjóðinni,
auðlært, auðskilið, finnst í vísindum hinnar sönnu vísindaaldar.
Vitundarstig þjóðar ræður ætíð gjörðum ráðamanna. Fasaskiptin mælast.*

*Til að hefta Fenri duga ekki Drómi og Læðingur,
aðeins Gleipnir.*

*Jafnvel er það svo að þessi gömlu ómögulegu fara allt í einu að gera rétt
við fasaskiptin sem TM og sidhi veldur með hóp-iðkunum.
Gleipnir verður til við fasaskiptin í þjóðarvitundinni.*

*Ekki er hald í að setja reglur sem eru á yfirborði tilverunnar.
Verður alltaf animal farm meðan lýðurinn sem kúps lifir eingöngu á
yfirborðinu.
Lýðurinn sér að einhverjir einstaklingar hafa lofað og svikið,
vita ekki hverju er um að kenna:*

vita ekki að skólarnir og menntakerfið brást.

Börnin þekkja ekki eigin vitund og skilja ekki þjóðarvitund.

Um leið og kjörnir menn setjast í stólinn í umboði lýðsins sem kaus, eru þeir spegill vitundarstigs múgsins.

Þess vegna (37.) hækkum við vitundarstig þjóðanna.

Við Íslendingar gátum ekki verið stofnþjóð Sameinuðu Þjóðanna þar eð við neituðum að telja ákveðnar þjóðir til óvina okkar, en sáum, að einhverjar þjóðir voru að sameinast gegn öðrum þjóðum (sínun persónulegu óvinum), og við vildum ekki vera með í því. Þá var þjóðarsálin greinilega ögn heilbrigðari en nú.

*Á friðartímum jarða synir feður,
í stríði jarða feður syni.*

Ungir menn eru aldri einsog skepnur, húsdýr, sem á að leiða til slátrunar, og þeim er sagt að dauðinn (að láta drepa sig) sé mikil dyggð og sæmd, og það að drepa sé mikil dyggð og sæmd, og það að fæðast og lifa til að læra að drepa og verða drepnir sé mikil dyggð og mikil sæmd og mikill tilgangur lífsins -- eða óhjákvæmilegt og sjálfsagt til að geta lifað í friði!!

Á friðartímum jarða synir feður, í stríði jarða feður syni, og það sé sjálfsagður hlutur að halda því áfram.

Þó höfum við séð að aldrei skapar stríðsrekstur frið.

Aðeins kostnað og dauða.

Þetta gengur nefnilega aldrei útá frið heldur landvinninga og eiginhagsmuni ýmissa,

-- ráðamanna sem passa helst og sem bezt að láta ekki drepa sig og sína syni í stríðunum, því þá er lítið gaman af gróðanum, stríðsgróðanum.

Stríð verða við að strítt er gegn náttúrulögmálunum, svo engum einum karli er um að kenna, heldur ósvinnu þjóðanna, skorti á menntun sem borið getur það nafn.

Svokallaðar varnir, sem eru drápstól og taugaveiklaður viðbúnaður, leiða ekki til friðar, ekki til öryggis, vegna þess að undirrót vandans er ekki meðhöndluð. Undirrótin er ótti og græðgi, og henni þarf að breyta.

Annars eru eftir sem áður trúarbragðastríð, „menningarheimaárekstrar“, stjórnmáladeilur, óeirðir, dráp, landvinningar með andlegu og líkamlegu ofbeldi, eyðilegging.

Vandamálið er óreiða í mannshuga,

ósamræmi í einstaklingsheilabúi hvers og eins,

streita í þjóðarsálum,

og enginn vandi er að ráðast að þessum rótum vandans með því að skapa samræmi.

Heyja frið.

Til er vísindalega þaulreynd aðferð sem gerir frið.

Höfum við ráð á að þiggja ekki vísindin?

Höfum við ráð á að skilja ekki vísindin?

Er kannski einhver tregða vegna þess að stríðsgróði tapast fyrir fullt og allt??

En stríðskostnaður (milljarðir á dag) hverfur einnig. Má vel nota í annað.

En er einhver eftirsjá í landvinningum þegar allsnægtir koma í staðinn?

þegar móðir náttúra sér fyrir börnum sínum?

og þau kunna að meta það

og hætta að reyna stela því sem aðrir eiga

og hætta að stela gjöfum hennar án þess að gjalda með són of fórn hugans?

Það sem tapast er stríðsgróði og ofneyzla og eyðilegging,

það sem græðist er friður og gnótt gjafa náttúrunnar.

Engin þjóð fær betri foringja en vitundarstig hennar sjálfrar leyfir.

Engin þjóð fær öðru vísi foringja en þann sem vitundarstig hennar sjálfrar býður uppá.

Hægur vandi er að hækka vitundarstig þjóðanna.

Urður Verðandi og Skuld (33.) segja

að hver gjörð eigi sér mótgjörð, -- „og jamm og já og það held ég nú” --

þannig að við Íslendingar, sem vorum með í Júgóslavíustríðinu, erum komin í þennan vitahring heilapvottar að halda að stríð gegn stríði og meiri stríðsrekstur, innrásir og manndráp sé eitthvað sem stuðli að friði!!!

Dr. Magnús Bjarnason, stjórn mála- og viðskiptafræðingur, starfandi á vegum Sameinuðu þjóðanna í Júgóslavíu, skrifaði bókina



„War and War Games in Bosnia and Herzegovina from 1992 to 1995, The main events, disagreements and arguments, resulting in a “de facto” divided country “

ekki skrifað endilega út frá landmæralínum í breytingu fram og til baka, heldur um aðferðir, um fólkið í landinu, um miðstýrðar aðgerðirnar, hershöfðingja í hægindastólum, um raunverulegan tilgang íhlutunar.

-- Stríðsleikir!!

Meiri og meiri herafli er merki um ótta, viðbúnaður, víkingasveitir, sérsveitir, efldari landvarnir, meiri vopnabirgðir, þróaðri vopn, er allt merki um ótta,

meiri peningar hins vinnandi manns látnir í stríð gegn stríði, er viðurkenning á vanmætti stjórnenda,

-- og vitað er, af nokkurþúsundára reynzlu manna, að þetta bægir engri hættu frá.

Þvert á móti verður óttinn meiri, streitan meiri, spennan meiri, og allir heimsins friðarsáttmálar hafa brugðizt!!

Aldrei aftur stríð er sagt hverju sinni.

Vopnahlé hafa verið notuð (misnotuð) til að hressa uppá liðsafla og vopnabirgðir og styrkja stöðuna fyrir næstu hrinu.

Ef við komum ekki í veg fyrir að óvinir fæðist, þá erum við okkar eigin óvinir.

Enginn getur gert þjóð sinni meira gagn en að koma í veg fyrir að óvinir fæðist.

Enginn getur gert þjóðinni meira ógagn en að fara í stríð og grípa til óttaviðbragða.

*Ótti elur af sér ótta
og ofbeldi elur af sér ofbeldi.*

Í gamla daga í sveitinni voru vinveittar bakteríur í fjósinu, einkonar friðsamar einkabakteríur, og maður þreifst bara vel, en á spítölunum eru stökkbreyttar ofurbakteríur vegna þess að þar er eilíft stríð við bakteríur.

Húsflugurnar í eldhúsinu, óteljandi og kvikar á heitum stropinum fyrir ofan eldavélina, misstu stundum flugið í gufunni úr pottunum og dattu oní matinn. Húsmóðirin var leikin í að veiða þær upp með einum putta án þess að brenna sig, og sletta flugunni í hænsnamatardallinn. Af misjöfnu þrífast börnin bezt.

Hvað eru Almannavarnir á Íslandi???

Vitað var um Suðurlandsskjálfta komandi á hverri stundu, fokdýrar mælingar og rannsóknir í vísindaskyni, og verkefnið líklega(??) hugsað sem fyrirbyggjandi(???? eða hvað?)

en ekki aðeins hugsað sem skemmtilegar upplýsingar fyrir þá sem fá kaup fyrir, og eru sjálfir ekki í neinni hættu??

Ekki voru Sunnlendingar látnir vita að skjálfti væri fyrirsjáanlegur.

Og hvers vegna ekki?

-- jú, fólk hefði getað orðið svo hrætt (!!!) að ákveðið var að segja því ekki frá yfirvofandi hættunni.

Móðir náttúra sá svo til að allir voru í hátíðarsamkomutjaldi 17. júní þegar sjálftinn reið yfir.

Þegar menn komu heim sáu þeir að stór húsgöng höfðu fallið ofan í barnarúm,

því ekki(!) voru þau háu og þungu húsgögn fest í vegg,

engar ráðstafanir,

enginn viðbúnaður,

engar upplýsingar,

engin fræðsla um fyrirbyggjandi aðgerðir,

engin fræðsla um viðbrögð,

engin aðvörðun gefin.

Myndu skjálftafræðingarnir, sem af skjálftanum vissu, hafa gert

ráðstafanir hefðu þeir sjálfir verið búsettir á Suðurlandi,

þeirra eigin hús að liðast í sundur,

þeirra eigin börn sofið í rúmum sem voru dauðagildra?

Búa þeir kannski einfaldlega annars staðar, utan við spennandi og vel borgað verkefnið sitt?

Þegar tsunami reið yfir fyrir skömmu í sunnanverðri Asíu,

fórust margir sem tilheyra vísindaheiminum vestræna,

viðvörðun komst ekki á leiðarenda,

en

frumbyggjar á eyju einni sáu að villtu dýrin flyktust til fjalla og gerðu slíkt hið sama; björguðust þannig frá tsunami þessum.



Hokusai málverk, tsunami

takið eftir eldfjallinu Fudji

Viða á sjávaströndum Japans, sem eru mjög mjög langar(!), má sjá skilti sem á stendur: finnirðu jarðskjálfta vertu viðbúinn tsunami.

*Margir telja reginmun á stríði og náttúruhamförum,
en svo er eigi. (36., náttúra, 16., Fenrir)
Hvort tveggja er merki um uppsafnaða streitu mannanna og að þeir hafi
ofboðið þanþoli móður náttúru með því að stríða gegn náttúrulögmálunum
sem hún hylur sjónum.*

*Þegar samsviðið og náttúrulögmálin verða lifandi,
lífguð,
Óðrerir,
verða heilabylgjur mannanna samræmdar og samhljómur í veröld.*

*Við skulum þá láta náttúruna um allt,
þá
þegar framfara- og þróunarhæfileiki náttúrulgömálanna er lifandi og
lífgaður -- af okkur --
sér náttúran um okkur
en
ef lögmál náttúrunnar eru misvirt og svívirt af mönnum,
ef menn villast af réttri brautu, yfir í græðgi og ósvinnu,
þá myndast ójafnvægi
Séu lög þjóðar í samræmi við náttúrulögmálin -- sem verður svo sjálfkrafa
ef menn lifa í Þundarflæði -- þá verður Þund þjóðinni hliðholl.*

*Til þess að lifa í Þundarflæði
er nauðsyn að lífga tívatún í lífinu,
sem er mjög einfalt mál.*

*Stjórnir þjóðanna eru ábyrgar þegar fólk gerir mistök,
því fólkíð gerir mistök vegna slælegrar menntunar,
og menntunin er verkefni inni á borði ráðamanna.*

*Aumkunarverðar eru ríkisstjórnir sem ráða ekki við vanda,
setja hegningarlög,
stinga mönnum í tuktíð,
og skilja ekki að menntakerfið, sem þær brúka enn, er sökudólgurinn
fyrir að menn gera mistök.
(37., vitundarþroskamenntun)*

Aðeins ósvinnur maður elur Fenri.

Heimsins styrjaldir eru verk manna með vanþróaða heila.

*Enginn vandi er að þróa til fullkomnunar heila allra barna.
(37.)*

*Þeir þjóðfélagsþegnir sem baka sér og öðrum vandræði,
hafa ekki notið menntunar sem getur borið það nafn.*

*Hægur vandi er fyrir þjóðirnar og ríkisstjórnirnar að taka upp menntun
sem kemur í veg fyrir vandamál.*

*Vandamál koma af ósamræmi,
og enginn vandi er að koma á samræmi*

*Þeir menn sem hugsa og vinna eingöngu á yfirborðssviði -- hversu gáfaðir
sem við höldum/segjum/vitum að þeir séu -- ná ekki tökum á því sem þeir
eru að gera.*

Þeir gera mistök.

Bæði í góðverkum og illvirkjum.

*Hugurinn sem starfar á yfirborði einu saman gerir mistök
(þragjña aparadha, 4.).*

*Eindin er mörgmilljónmilljónmilljón sinnum sterkari en yfirborðshugsanir
mannanna.*

Mannleg hugsun þaðan er sterk.

*Tæknin (TM samsviðstæknin og -vísindin) sem vinnur á sviði eindarinnar
er heildar tækni.*

Ekki brotakernd tækni einsog beitt er víða.

Heildartæknin nærir lífið,

uppiheldur lífi,

engin neikvæð áhrif eru,

aðeins jákvæð áhrif í þróunarátt

og í flæði með Þundu, dharmu, því sem uppi heldur öllu.

Ótal sinnum kraftmeiri en kraftar á sviði efna og orku.

Eðli TM-tækninnar er heildaráhrif.

Heili glæpamanna er vanþroskaður, („virkni-göt“)

og enginn vandi er að laga heila þeirra!

Heili glæpamanns er skemmdur.

TM-iðkun í fangelsum kippir þessu í lag.

*Hegningarhúsin tæmast, menn komast á réttan kjöl í þjóðfélaginu,
því nú er til vísindaleg aðferð við að „lækna heilagöt“ afbrotamanna.*

*Fangelsisstjóri í Bandaríkjunum táraðist af gleði þegar hann sagði frá þessu í sjónvarpsviðtali.
Fangelsið tæmdist, menn komust á réttan kjöl í lífinu.*


*Vísindin um og tæknin fyrir náttúrulögmálin er eitt og hið sama,
eitt, ekki tvennt,
tæknin er til að gera rannsókn innan vitundar,
það er vísindin.*

*Maharishi-áhrifin, sem lífga gárur á samsviðinu, eru mest rannsakaða
vísindagreinin í heiminum þessa dagana.*

*TM-tæknin og samsviðsvísindin eru sem sagt eitt og hið sama.
Rannsókn innan vitundar hvers manns barns með tækninni,
tæknin leiðir til vísindarannsókna í vitund,
rannsóknir skýra tæknina.*

*Hinir vitru hafa æ leitað ginnungagaps
og nú er vísindaöld loks að koma upp á alda vé jaðars
svo samsviðið, ginnungagap, sem er alls staðar,
er í öllu,
og allt er í,
hið eilífa allsráðandi svið óendanlegra möguleika,
er auðveldlega og náttúrulega fundið og lifað,
því við erum það.*

*Við verðum að sætta okkur við að ekki skilja allir menn, (Rígur, 11.)
en sem betur fer þarf aðeins lítinn hluta hvernar þjóðar til að samræma alla
þjóðarvitundina.*



Týr/Mars og Freyja/Venus

*Það sem ég er að reyna að segja, Týr, friðarins guð, þú mikli réttlætisins
guð, er:*

hernaður skapar ekki frið,
vopnastyrkleikakapphlaupið skapar ekki frið heldur spennu,
vísindaathuganir gera ekki gagn,
veraldleg trú og trúgirnir er ekki Guð,
rándýr stríðsrekstur gerir ekki frið,
drottinsstofnanir, milljarða-fokdýrar, eru ekki guð, ekki Guð,
og
rangt er að kalla afleiðingar rangra gjörða manna Guðs vilja,
því það er lygi;
óhemju dýr gæluverkefni fárra ofurlaunamanna eru ekki drottinn,
en eru kostuð að hinum vinnandi heiðarlega trúgjarna manni,
og líf hins vinnandi manns og líf og limir barna hans eru greinilega einskis
virði í hugum gæluverkefnæigendanna, sem telja jafnvel mönnum trú um
að þeir fæðist til að þjáast og deyja drottni sínum,
eða láta skjóta sig á vígvelli og skjóta aðra menn;
ekki er hægt að biskupar á ofurlaunum haldi því fram að hamfarir séu
einvers Guðs vilji eða ekki Guðs vilji. Það sýnir hróplega lélega kennslu í
Háskólanum, því aðeins hið fullkomna Þundarflæði er Guðsvilji;
en í ofanálag:
sumir guðfræðingar (Gyðingakerfis- og kristniðfræðingar) segjast læra
mannfyrirlitningu þar, þ.e. taki embættispróf í að fyrirlíta beri helming
mannkyns, og þetta þykir mér ekki Háskólanum sæmandi. Í þessum anda
hugga prestar konur og segja að það sé Guðs vilji að við þjáumst og konur
skuli „ekki vera að gera svona mikið úr því þótt maðurinn dangli í þær
svona annað kastid“ -- orðrétt haft eftir

tilvitnun: dómsprófastur sem neitaði konu, öryrkja eftir heimilisofbeldi, um
sáttavottorð til að leggja fram fyrir Borgardómara til að geta fengið skilnaðarmál
tekið fyrir á forsendu heimilisofbeldis, og þar með voru henni allar bjargir
bannaðar. Lögbrot presta heyra undir biskup, ekki landslög, því þetta er ríki í
ríkinu með eigin lög, og biskupinn varð bara reiður, ofsalega reiður og skellti
hurðum, þegar konan kærði til hans, enda var nefndur dómsprófastur orðinn þessi
biskup og hafði lögsögu yfir eigin brotum á landslögum.

Kvenprestar segjast læra mannfyrirlitningu í HÍ og taka próf í.
Embættismenn á ofurlaunum fara eftir þessu og kalla misþyrmingar á minni
máttar Guðs vilja.

Þanþol náttúrunnar brostið (36.)
Urður Verðandi Skuld sem senda slæma pakka (33.)
streitan í mönnunum (31.),
eru engan veginn neins Guðs vilji,
en jafnvel er þessi sami Hann sagður hafa hvatt til dáða í formi
fjöldadrápa og vilji að ekki sé sparað þúðrið á heiðingjana því það sé synd
við Hann
(Libro Nero, i Crimi del Cristianismo)
og hann vilji að Sódómur og Gómorrur sökkvi í sitt syndafen.

Hann er ekki svona vilji. Svona Guð er valdataeki manna, sem þrífst á fáfræði sauðanna og trúgirni. Um er að kenna lágu vitundarstigi þjóðanna. Hann getur heldur ekki geymt okkar dýra land meðan lýðurinn í lýðveldinu heldur að Hann sé að krukka í gjörðaflækjunni -- sem streitan í mönnunum klúðrar -- og eina ráðið sé að ausa peningum og enn meiri peningum lýðsins í einhverja drottinseinokunarstofnun.

Það eina sem kallast getur Guðs vilji er hið fullkomna úr hverju veröld er komin.

Restin er á sviði -- og í höndum -- Gunnanna þriggja, Urðar Verðandi Skuldar, móður náttúru, mannanna.

Abyrgðin er í höndum mannanna.

Samsviðstæknin og -vísindin, TM®, gerir menn tæra, flýttir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkomnunar gerir 192 ríki heims sjálfstæð, friðsöm, fullvalda. (35., hljóð og efni) Bezt er að allar þjóðir í heimi geri samræmi í vitund, því einhver ein sem er í ósamræmi truflar heildarflæðið.



samræmi, tærleiki, við erum guðlegar verur



Margar milljónir manna úr öllum „skoðanageirum“ heims brúka TM-tæknina:

Við að kyrra hugann, hnýsast niður, sleppa jafnframt fingerðustu hugsun, víkkar vitund út til að verða alheimsvitund. Þetta er huganum eðlislægt og því áreynslulaust, náttúrulegt.

Hefur mannkynið ráð á að þykjast ekki skilja einföldustu nútímavísindi?

Hefur mannkynið ráð á að skella skollaeyrum við friði, varanlegum friði, sem skapast út frá vitund mannanna á ofurauðveldan hátt?

Maður þarf að hafa víðsýni til að vilja hlusta og skilja.

Við erum í raun ekki hinar sköpuðu, hverfulu, síbreytilegu efnisagnir, heldur uppruni þeirra: vitund á hreyfingu.

Tilgangur og markmið lífsins er hamingja og vitundarþroski, víkkun vitundar í óendanleikann, gleikkun, gleði, víkkun hamingju í hið óendanlega, gleikkun, gleði..

Maður þarf því að hafa vilja og löngun til að skoða málin útfrá sinni eigin innri vitund og innan sinnar eigin vitundar.

*Náttúrulega og áreynslulaust leitar hugurinn í uppruna sinn, verður tær vitund eingöngu, og þar er ekki einu sinni mannleg hugsun, en skilningurinn, þekkinging mikla og uppruni náttúrulögmálanna, stjórnarskrár alheims, friður, orkuhlaðin friður, *δυναμिस* (tún tíva) í kyrrð*

Að lifa okkar orkuhlöðnu kyrrð er andstæða dýrastigsins: að berjast eða flýja.

Erum við menn eða mýs?

Friðsamir einstaklingar, friðsamt samfélag,

réttar ákvaðanir stjórnvalda með hækkuðu vitundarstigi þjóðarinnar, er ekki nein útópía (/ ímyndaður staður sem ekki er til) eða aðeins framtíðarinnar hugsanleg þekking, heldur harðvísindalegar staðreyndir hér og nú.

Okkar kynslóð þarf að tileinka sér þessi vísindi. Við þurfum að skilja þessi æðstu vísindi sem til eru á jörð.

Öll börn sem fæðast þurfa að hafa aðgang að þekkingunni innan eigin vitundar.

(37, vitundarþroskamenntun, CBE)

Það er einfaldlega verið að breyta mannlífi á jörð til hins fullkomna.

Siddhi सिद्धि

Menntamönnum samtímans er treyst til að skilja, og halda þekkingunni í sinni tærustu mynd, koma henni áfram til komandi kynslóða.

En hver er menntun „menntamanna“??
Er hún brotakernd?? Ekki heildarþekking??

Mennt er máttlaus án síns eigin grunns.

John Hagelin er snillingur í að útskýra þetta á skiljanlegu máli fyrir lærðum sem leikum.


www.gusp.org

Nóbelsverðlaun í eðlisfræði voru veitt fyrir rannsóknir á hegðun rúbídíums en þær gengu útá að:

við að kyrra sameindir víkkuðu þær út, urðu síðan að einni stórrí bylgju..... Þetta er nákvæmlega hið sama og gerist við mannshugann, -- og mannlega hugsun.

Dr. John Hagelin hefur ritað um þetta og haldið fyrirlestra um alla heim undanfarna áratugi.

Á máli heimspekinnar heitir þetta óskapaða skapandi svið tilverunnar grundvallarraunveruleikinn eða raunveran, og TM-tæknin gengur útá gnópi seauton, þekktu sjálfan þig, sem er jú tilgangur heimspekinnar.



eðlisfræði og vitund

© Global Country

Friður og hamingja eru markmið mannsins
hafa verið í gegnum tíðina og eru enn.

Ég gefinn Óðni, gefinn sjálfum mér, er tæknin sem forfeður okkar þekktu,
og við þekkjum nú. Ævafornt og sí-ung. Visindin komin til að vera.
Nú er enginn vandi að láta þessar óskir mannsins rætast.

Hvað dvelur?

-Já, litla kjaftfora völvu mín.
Mikið til í þessu öllu saman hjá þér.
Fórst á kostum í æsingi þínum.
Réttlætiskennd þín og glöggskyggni eru aðdáunar verðar.


Til er einfalt ráð til að hækka vitundarstig Íslendinga.

Samræmi er sterkara ósamræmi,
ljós er sterkara myrkri,
hið góða er sterkara hinu illa,
svo við erum í góðum málum.

Einstein sagði einhvers staðar að vandamál verði ekki leyst á því sviði þar sem þau voru búin til, þ.e. í mannlegum heila, með mannlegum hugsunum,
en hann var þá að tala um yfirborðshugsanir,
þær sem ekki hafa grunn í eindinni,
öldur ólgandi dætur Ránar án þess að vita að þær eru Ægir.

Frá tækninni þessari góðu til að kveikja ljós í heiminum, segir í Hávamálum, þeim ævafornu kvæðum,
kveðnum Háva höllu í,
allþörfum ýta sonum,
en tæknina þarf að læra rétt.
Hún er fingerð, huglæg.

Við þá iðkun verður mannshugurinn mörg milljón milljón milljón sinnum kraftmeiri en hann er á yfirborði Ægis,
tíumilljónmilljónmilljón sinnum kraftmeiri en kraftar á sviði kjarnorkunnar.



©GlobalCountry samsvið og mannshugur

Eðli mannshugans, honum náttúrulegt, er að nýsa niður,

og Glæðheimar mannglegrar meðvitundar eru hið víðasta og kyrrasta ásigkomulag mannshugans, mannglegrar meðvitundar, sem verður vitund eingöngu.

Gæði hugans komast á það stig að hann er óhagganlegur í öldugangi lífsins.

Að nema þetta er einhver bezta fjárfesting,
kostar minna en hernaður í heimi hér kostar á hverri mínútu,

TM er hvers manns besti vinur,
því maðurinn eignast eigi óvin þegar hann er orðinn einherji í Valhöllu.

Nú skulum við sýna fram á að hægt er með vísindalegri aðferð að vera


Ósigrandi

Það kann ek þriðja fymbulljóðið:
ef mér verður þörf mikil hafts við mína heiftmögu,
eggjar ek deyfði minna andskota,
bítat þeim vopn nér velir.

og ið fjórða:
ef mér fyrðar bera bönd að boglimum,
svo ek gel, að ek ganga má,
sprettur mér af fótum fjötur en af höndum haft.

ið fimmta:
ef ek sé af fári skotinn flein í fólki vaða,
flýgura hann svo stinnt að ek stöðviak er hann sjónum sék.

Meissner- og Maharishi-áhrifin



Hver vill læra þessi ljóð?
Hver sem er getur lært þau.
Hver vill búa yfir þessum hæfileikum?
Hver sem er getur það.
Hvaða þjóð vill vera ósigrandi og ekki eignast neinn óvin?

Enginn vandi.

Hvar er hatur vex með hildings sonum þat má ek bæta brátt.

Nú vill svo til,
einsog glöggst sér,
að forfeður Íslendinga báru hingað norðureftir ómetanlegan
menningararf,

og enginn vandi er að eiga engan óvin.

rastríya kavatch **राष्ट्रीय कवच** hinar fullkomnu varnir, konungleg brynja,
varnir unnar útfrá eindinni miklu sem er krafturinn mesti,
samræmdri þjóðarvitund, samræmdum landvættum;

dhanúr-ved **धनुर्वेद** er um þetta

hinar fullkomnu varnir -- engir óvinir, allt í kyrrð og spekt.
Dhanur ved er tækni til að vera ósigrandi og eignast engan óvin.

धनु dhanú bogi bugða (29., sama orð og bugða, bogið beyja á íslenzku)



Nú er það svo að sagittarius bogmaður dhanú 9.merki er Fólkvangur Freyju,

(Einars Pálssonar sýn á Grímnismál)

sem á við örlög okkar, gæfu, sið/trúarbrögð, réttlætiskennd, andleg
verðmæti, heimspeki, æðstu menntun, það að öðlast nauðsynjar á
auðveldan hátt, gnægtir, og einnig föðurhlutverkið í heimi hér.

Fylgði þeim friður hvar er þeir fórum um lönd
og þóttu þeir goðumlíkir.
Heppnir voru þeir sem þá voru uppi og þá þekktu.

Í menningararfinum okkar er:

að hnýsast niður,

skynja dýpri og dýpri lög og svið mannglegrar tilveru,
að öðlast yfirnáttúrulegan kraft,
sem er hið eðlilegasta mál

það er: ljóðin og 9 (óteljandi) galdrar góðir.

Þeir, forfeðurnir okkar, vissu að bein reynsla af ginnungagapi gefur þennan óendanlega og snurðulausa mátt.

Gömlu gæjarnir vissu að heimur varð til úr ginnungagapi.

Þekkingin er ævaforin og nútímaleg,

raunar er hún nauðsyn nútímamönnum
þegar ósvinna mannanna hefur fitað Fenri um of.

Þanþoli móður náttúru er ofboðið.

Tær vitund mannanna er heiminum okkar lífsspursmál.

Mannleg meðvitund fær reynslu af eindinni með því að nota ævafora aðferð.

Við náum tökum á að vinna og lifa í tívatúni
og nýtum tívatún til framkvæmda -- sem aðeins eru týréttar.

Forfeður okkar vissu að eðli lífs er að taka framförum,

að tilgangur lífsins er hin æðsta gleði, Glæðheimar vitundar,

að samsvið allra náttúrulgömmála, hverra forsetar eru guðin, stjórnar öllu
í náttúrunni, heiminum,
og að þau stefna ætíð í framfaraátt.

Gapið mikla er hinn ósigrandi völlur, tún, grundvöllur lífs.

Samsviðið vinnur innan sjálfs sín, algjörlega óháð nokkru
utanaðkomandi,
einnig
það breytist ekkert við sköpun og skipulag,

það er óendanleikinn og ægikrafturinn, allt fullkomið, eind
en náttúran er síbreytileg og háð áhrifum.
Í veröld er ósigranleikinn ekki.

Yogaflugið er ofureinfalt fyrirbæri.

Það er að heyja frið -- fullkomið samræmi í heila manna.

Það hefur verið sýnt og útskýrt.

Flókið mannlegt taugakerfi getur verið svo fullkomlega samræmt að það vinni útfrá tívasjötum, samsviðinu, en þar búa lögmálin sameinuð, og sá ægikraftur sem í þeim býr.

Mannlegt taugakerfi hefur aðgang að þessu sviði, tívatúni.

Haldið þið að menningararfurinn væri um þetta ef það kæmi okkur ekkert við?

o,nei.

Þetta skiptir öllu máli, við höfum aðeins gleymt því um tíma.

Haldið þið að menningararfurinn hefði varðveitt gegnum myrkar aldir ef hann væri ekki um sannleikann?

o, nei.

Sannleikurinn getur ekki dáíð,

satyam eva djayate सत्यमेव जयते

sannleikurinn sigrar ætíð, aðeins sannleikurinn sigrar.

Menningararfurinn varðveittist í barnalegu dulargervi (21., ævintýrin)

Nú höfðar sannleikurinn auðvitað til allra manna

því við erum hann.

Allir menn eiga hann

og finna hann innan sín -- sama hvaða merkimiða þeir klína á sig.

Menn hafa meira að segja gleymt því að sannleikurinn er okkar

upprunalega menning,

okkar eigin íslenzka menning,

þótt ýmislegt, sem troðið var uppá okkur, hafi „samtvinnast”

menningunni okkar

(einsog menn segja um aðflutt hugmyndakerfi sem voru innleidd með hótunum um dauða þeirra sem ekki aðhylltust möglunarlaust).

Rætur okkar liggja í forna sið, heiðni,

sem vísindin eru nú að „enduruppgötva“ með hjálp maharishis.

Rætur heiðni liggja í vedu og veda-vísindum, sem varðveitt hafa altær í þúsundir ára.

Rætur Búddha-siðar og hindutwa eru einnig í vedu og vedavísindum.

Guðveldishugmyndir, sem þjóna landvinningastefnu og hernaðarlegri

útbreiðslu, nota ýmislegt úr fornum siðum, sem finnst í Gyðingdómi,

kristindómi og islam, ef grannt er skoðað, og er mergurinn málsins

-- og skilst -- þegar friður breiðist út á jörðu.

Já, ef við komum ekki í veg fyrir óvini,
erum við eigin óvinir.

Tæknin, vísindalega sönnuð, er fyrir hendi hér og nú.
Heppin eru við sem nú erum uppi og þekkjum vísindin
– þekkjumst þekkinguna, lærum tæknina.

Er ekki okkar samtími stálheppinn?
Þekkingin er komin úr vísindum vedanna, föll öllum mönnum!

Við höfum tæki og tækni til að gera alla nemendur að betri
einstaklingum,
þar með betra þjóðfélag,
betri veröld.

Börn sem nú fæðast eru jú heppin,
því þau læra að nota hinn mesta kraft.

Þekkingin tjáir þeim lag eftir lag innávið, shiksha, opnar upp.

Þegar þau læra í uppvextinum að nota fyllilega og samræmt allan heilann
sinn, gera þau aldrei mistök.

Verður ekki yndislegt að sjá að engin vandamál koma upp?
Þjóðfélagið nær æðra plani stjórnunar,
öflug og réttu kerfi, hinu fullkomna, siddhi,
sem er bein afleiðing og áreynzlulaus af hærra vitundarstigi þjóðarinnar.

Síðhettir, siddhartha, eru þeir menn sem hafa fullkomnun að markmið
lífs síns.

Nú eru vísindin hér á vesturlöndum að læra af ævafornum vísindum úr
austurlöndum, vedu,

en við skulum einnig skilja að einmitt þetta er grunnurinn undir fornu
menninguna okkar.

Hún er ævarandi sannleikur og getur aldrei dáíð.

Enginn vandi að gera óvini sína að vinum,
en endalaust vesen er að eiga óvini.

Við erum eigin óvinir ef við viljum ekki skilja svona einfalt dæmi!!

Að beita ofbeldi til að losna við ofbeldi er ekki annað en meira ofbeldi
sem er olía á eld haturs hefnda ofbeldis.

Engan veginn gengur upp í huga meðalgreinds manns að réttlæta árásir með friðarmarkmiði!!

Hvers vegna viðgengst það þá?
Það er vegna streitunnar í þjóðfélagsþegnunum, lýðnum,
sem hugsar á yfirborðinu,
en hefur glatað tengingu við uppruna hugsana
og sinn eigin uppruna.

Ofbeldisrökin eru óheilbrigð.
Sá sem gleypir við þeim er blindur á réttlæti og heilbrigð rök.
Sá sem ber svona bull á borð er samnefnari ruglaðrar þjóðarvitundar.

Hin fullkomna ríkisstjórn verður sjálfkrafa til við að einstaklingar hætta
að stríða gegn lögmálum náttúrunnar úr tívatúni komnum.

Stunda meiðmar -- gefa til baka fyrir gjafir náttúrunnar
og það er gert með fórn, són, eigin einstaklingsvitundar í alheimsvitund.

Stríð er óhugsanlegt þegar fullkomið samræmi ríkir,

samræmi ríkir ekki meðan streitumor og syrjusubb sullast í taugakerfi
einstaklinganna.

Svo auðvitað er til einföld lausn
til að losna úr vítahring sem verður til úr stressi og ótærleika og veldur æ
meiri taugaveiklun, óöryggi og stressi.

Eyða streitunni,

gera menn altæra -- mío uppljómaða.

Hið óskapaða svið -- ginnungagap -- er heimur sem ætíð er
og ætíð verður,

vitund er grunnsvið,
okkar innsti kjarni,
raunveran sjálf,
sem streitan hylur sjónum. Streitan, ótærleikinn, blindar okkur.

Á Iðavöllum dvelja tívar.
guðarúnir eru fimbulrúnir tívatúns, leyndamál þeirra
sem við höfum greiðan aðgang að.

Þar nema menn frævast og fróðir vera og vaxa og vel hafast.
Sprelllifandi menn.

Orðs sér af orði orðs leita, af verki verks leita.

Sjá munu menn devata, tíva, í orðum vedanna,
mismunadi devata breyta orðum vedanna í gapinu milli þeirra.

Rúnir, fimbulrúnir, tíva leyndarmál, guðarúnir, eru milli orðanna í vedu,
þ.e. á hinu óskapaða sviði.

Flæðið, vín Valföðurs, breytir orði í orð. (14.)
Það er innan gapsins,
en gapið er milli orðanna, hljóðanna: eilífðin.

Gapið er alls staðar í öllu og allt er í því (26., 27.).
Allt er úr því komið,
án þess fær ekkert staðizt.


Það er uppruni alls, möguleikar alls,
og maðurinn getur skapað þaðan með hugsun einni saman -- þegar
hann er orðinn uppljómaður (sem er hið einfaldasta mál).

Visindamenn hafa hér á valdi sínu margsinnis sannreynda aðferð til að
skapa varanlegan frið.

Einungis þarf að vakna upp frá vökustiginu
og vakna til lífsins,
eða þannig,

með því að koma sér í fjórða vitundarstigið,

með dhyaana (það að sóast, transcendera)
ksanika samadhi sem þýðir: annað kastið og stundum í alheimsvitund,
sem svo brátt, við reglulega daglega iðkun, leiðir til Valhallar,



í nitya samadhi stöðugt, þ.e.
þegar menn lifa lífi sínu stöðugt á dýpri vitundarstigum en vöku
draumsvefni og djúpsvefni

lifa eind ásamt með þeim þrem vitundarstigunum sem dýrin þekkja,
-- þeim þrem sem óuppljómaðir menn halda að sé öll tilveran --
því þeir þekkja ekki annað en svefn draumsvefn og vöku.

Maður í samaadhi finnur eigin vitund sem ginnungagap, sem ekki tekur þátt í neinu.

Hann er þögult vitni alls.

Menn sem lifa Valhöllu, finna eigin ginnungagap, sína vitund, og það vitundarstig er komið til að vera.

Kshanika (annað kastið) verður nitya (stöðugt, ávallt) samadhi.

Handa þeim sem hafa gaman af útskýringum:

TM-tæknin tilheyrir sviði dhyaana,

TM-tæknin og -vísindin er hið veigamesta að iðka í sambandi við það svið sem dhyaana spannar;

svo leiðir hún til æðra stigs: samadhi, tærrar vitundar manns.

Svo beinir maðurinn athygli sinni til athafna, vinnur á sviði dhyaana, smátt og smátt tærari og tærari þar til allar hans hugsanir eru gæðavara.


Það svið sem unnið er útfrá er tíumilljónmilljónmilljónsinnnum kraftmeira en kjarnorkan og þannig jókerblys mannanna á sviði veraldarkrafta, og

kostar ekki nema brot af daglegum(!) kostnaði við hervæðingu og drápsþjálfunina.

Að hafa hóp manna í sidhi-prógrammi kosta miklu minna en eytt er í hernað á hverri mínútu!!

Og er tíumilljónmilljónmilljónsinnnum áhrifaríkara því það heyrir frið.

Hið góða er svo miklu sterkara en hið illa, myrkrið hverfur við að kveikt er ljós eða sólin kemur upp.



sammoha flæktur í gjörðum, einherji laus og frjáls;
(4.) maður flæktur í víthring gjörða og áhrifa af þeim

Ósigranleiki er eingöngu á grunnsviðinu, ginnungagapi sjálfu,

ósigranleiki finnst ekki á sviði hinnar sköpuðu náttúru.

Hættum að reyna að vinna út frá yfirborðsöldunum.

Það bregzt alltaf.

Áralöng slæm reynsla er af friðarsáttmálum;

þeir einfaldlega endast ekki.

(Og þegar fullkomið samræmi ríkir í þjóðanna vitund, eru þeir óþarfi.)


Við náum léttilega og náttúrulega grunnsviði hegðunar náttúrufyrirbæra.

Ekkert á sviði náttúrunnar er tvíeðlislaust,

ekkert á sviði náttúrunnar er Gunnalaust,

ekkert er ósigrandi á sviðum náttúrunnar,

en í tívatúni er ósigur ekki til.



© Global Country

Hvar er ósigrandi svið?

ekki hér (bendið hvar sem er í hinnu sköpuðu veröld)

ekki hér

ekki hér (bendið hvar sem er í hinnu sköpuðu veröld)

en hér (bendið á ginnungagap) **Þessi ægikraftur er friður.**

Maharishi-áhrifin eru þau að hópur siddha og fljúgandi yóga kyrrir alla þjóðarvitund.

Meissner-áhrifin eru þau að samræmi hrindir frá sér utanaðkomandi áreiti.

Hér eru komnar landvættirnar okkar,



blíðar okkur og hliðhollar

en í samræmdri heild styggja þær alla óvini,

stugga brott þeim er vilja mein gera,

en samræmi þeirra byggist á samræmi í þjóðarvitund Íslendinga.

Landvættirnar okkar góðu, í samræmi innbyrðis, gera okkur

Ósigrandi

Móðir Jörð á Svalin til að verja okkur gegn heilzuspillandi geislum,
nú gerum við Svalin til að verja okkur gegn árásum,
þannig að enginn óvinur fæðist.

राष्ट्रीय कवच konungleg brynja

Það er í okkar eigin höndum,
í okkar eigin verkahring.

3ja lögmál varmaafslfræða Meissners, um innra samræmi,
Innan ginnungagaps er fullkomið samræmi.

Við getum eytt öllu neikvæðu með jákvæðni sem er í tívatúni.
Örvum tíva í mannlegir vitund.

Gerum ósigrandi skjöld. -- Eina sem borgar sig í vörnum lands.

Skjöldurinn má alveg heita Svalinn líka,
því þetta eru svo svöl vísindi.



Innra samræmi þjóðar sem er á háu vitundarstigi
skilar sér í öllum hennar innanríkismálum sem fullkomið samræmi
velmegun og velgengni, góðræri og friðsemd.
Öllu ofbeldi lýkur, fangelsin tæmast,
þróun einstaklinga verður hröð í fögru umhverfi.

Ósamræmi í þjóðarvitund gerir þjóðina auðveldla bráð árása.
Samræmið kemur frá mönnunum sjálfum,
svo
auðvelt er að losna við þetta hættulega ósamræmi.

Samræmið er innan fjölskyldunnar,
innan einstaklinganna sem mynda fjölskylduna og þjóðfélagið.

Öryggi þjóða og friður er hér komið með litlum tilkostnaði
því nú er hin sanna vísindaöld loks að renna upp,
loks að rísa undir nafni,
en hingað til hefur þetta svokallaða vísinda-heiti kafnað undir nafni, mín
kæra.

Hingað til hefur veröldin verið í höndum margra fávísra stjórnmálanna sem leitt hafa ósköp, þjáningu og hrylling yfir þjóðir með eyðingartólum og glapræðum.


Vísindaupppfinningar urðu því miður leikföng apastigsmanna. (Rígur, 11.)

Um rótið allt er að kenna ósamræmi í þjóðanna vitund.

The Complete Book of Yogic Flying

Maharishi Mahesh Yogi's Program for Enlightenment and Invincibility

ISBN 978-0-923569-27-3 höfundur: Craig Pearson, PhD (670 bls í A4-broti)



©

Árásahneigð og óttaviðbrögð heyra nú brátt sögunni til.

Fokdýru vopnin verða gamaldags safngripir sem enginn þarf á að halda. Fara á forngripasafn ósvinnu og myrkra alda.

Í Valhöllu nota menn vopn til að halda upp þakinu, og varnir og skildir eru óþarfar þeim einnig nema sem hentugt uppbyggingarefni.

Brynjum stráð á bekki.

Þetta er inntak vors forna siðar.

Nú verður öll veröld brátt þannig.

Menn í veröld eru fjölskylda, bera sameiginlega ábyrgð hver á örðum.

vasúdaíva kütúmbakam वसुदैव कुटुम्बकम्

<http://www.venusproject.com/>



Vísindamenn þeirrar vísindaaldar sem nú er að renna upp hafa nú á valdi sínu hvernig fríður og öryggi þjóða er tryggt, og vísindamenn þessir taka við leiðtogahlutverkinu af misvitrum stjórnmálamönnum og „ósamræmdum“ lýðnum sem kýs þá -- og stjórnar þeim!!

Vísindin verða iðkuð af þjóðfélagsþegnunum, öllum til heilla.

Örlög þjóðanna verða ekki í höndum ósvinnra stjórnámálanna lengur,
því þeir hafa notað eyðilegginguna sem vopn og verjur.
Þeir munu ekki lengur geta starfað sem slíkir,
árásargirni og glapræði þetta máttlaust gert
með ofurbylgjum samræmis og friðar.

Þetta er ekki sama gamla friðarvonarrullan, hjal á yfirborði,

heldur gallhörð margsönnuð vísindi,

Við breytum ráðamönnunum -- með vísindum og tækni.

Ekki hugmyndafræði, einsog við hér á vesturlöndum sjáum fyrir okkur
vísindin,
heldur er hér um að ræða raunverulega reynzlu ved rishi

Hinn altæri maður sér.


Nú munu þjóðir skapa frið með því að gera alla menn friðsama,
heila þeirra fullvirka,
kroppana þeirra tæra,
en þeir sem lengst eru komnir á sinni þróunarbrautu munu standa í
stafni og stýra þessum dýra knerri,

þannig að þeir sem nú eru að fæðast sem menn í fyrstu skiptin sín
geti tekið miklum framförum á sinni hverri ævinni.

Þeir læra in æðstu vísindi í skólanum núna.

Þegar mannsheilinn virkar fullkomlega er maðurinn uppljómaður.

Uppljómaðar mæður, uppljómaðar konur, halda verndarhendi yfir
börnum í 192 löndum heims,
yfir upprennandi kynslóð,
yfir friði,
yfir uppljómun allra manna.
Ímyndið ykkur þegar mæður kynslóðanna og allar konur verða
uppljómaðar,
hve yndislegt verður að fæðast í þennan heim.
Gyðjur holdi klæddar.



Freyja Meili Frigg Óðinn dísir Skaði Baldur Freyr

***** ISBN 978-9935-409-37-9*****

Umræðuefnið er endalaust áhugavert,
kemur öllum mönnum við.
Umræða heldur áfram, orð í belg og biðu leggja
Týr, friðarins guð,
litla völva, með stóra stóra samvitzku,
Fenrir, sem fóðrast af mistökum óuppljómaðra manna og broti
gegn reglu tívatúns,
móðir Náttúra, sem sér fyrir þörfum okkar og við verðum að
kunna að meta,
móðir Jörð, sem verður fyrir barðinu á græðgi okkar, en hefur
Svalín handa okkur,
Þjóðvitnir, sem fræðir okkur um mistök óuppljómaðra manna,
landvættir allar, í fullkomnu samræmi sem vörn handa þjóð sem
býr til innra samræmi,
3 Gunnar, sem stjórnar öllu í veröld, en menn þurfa ekki að láta
stjónra sér,
dísir, fingerðir kraftar í okkur sem aðhyllast guðlegt réttlætið,
Urður VerðandiSkuld sem gera aldrei mistök í gjörðafækunni sem
við búum til,
Tolstoy, um stríð og frið og síðari hugmyndir sínar,
Freyr til árs og friðar,
Gunnlöð um mjöðinn dýra,
Syn um níðzlu manna,
Rán um reglu,
Marsbúar (ha??? -- já! leiðrétta bíómyndir byggðar á að Mars er
hernaðarguð Rómverja =Týr=Mangal),
Jesú, sólguð sem Rómaveldið notar enn til landvinnings,



sólguð öll heims sólguð eiga þetta sameiginlegt
Rígur, um menn á dýrastigi og uppljómaða menn,
Snorri Sigurbjörn, uppljómaður maður sem stundar yógaflug og
vill að heilalínurit (EEG) þeirra manna sem vilja komast að í
stjórn málum verði birt svo kjósendur sjái hverjir lífa samræmi, og
hverjir nýta heilann hrapalega illa, því án samræmis í heila gera
menn skyssur, en með fullkominn tæran heila gera þeir þjóð sinni
gott.

Það er *ekki* mannlegt að skjátlást,
mannleg reisin er fólgin í fullkomnu samræmi og þannig maður
gerir *ekki* skyssur.

Það er hið eina eðlilega manni til handa.

Stiklur um að vakna upp frá vökustiginu og hve samræmi heildarinnar er mikil lífsnauðsyn

-Fyrst svo margir eru mættir -- en það ber vott um mikilvægi
umræðuefnisins --
er orðið laust;
skulum við fara nánar í eitt og eitt atriði,
og stikla á stóru um leið;
yndislegt handa þeim sem vilja skilja til fullnustu og fá svör við
spurningum sem upp kunna að hafa komið,
jafnvel endurtaka sumt sem þegar hefur verið tjáð
því ítrekun er áherzluatriði:

-Áhrif mælast samstundis og um leið og iðkun hefst,
árangur samstundis og um leið og iðkun hefst,

fyrst lærist TM, svo sidhi® svo flug,
og Maharishi-áhrifin ná um allt hér og nú
án tíma- eða rúmsvandamála.

-Hér er um náttúrulegt fyrirbæri að ræða
og
vitund er svið.
Askur og manntré hafa rætur í því sviði.

-Hugur mannsins vinnur útfrá tívatúni við iðkun tækninnar og vísindanna.
TM-sidhi þjálfar mannshugann í að vinna útfrá samsviðinu,
ýfa gárur á alheimsvitund og vekja hana,
lifa vakandi, vekja lífið.

tattva-dñjan तत्त्व ज्ञान er lífsþekking á sviði ginnungagaps

-Menn nota aðeins smá af möguleikum sem fyrir hendi eru
þeir eru óendanlega margir,
allt verður til úr vitund
einnig heilinn
einnig hugsun
í Ægi finnst Rán, en dætur hennar þekkjá allir menn!

-Óendanlegir eru möguleikar mannsandans.

-Árangur er að nást, sem aldrei hefur náðst fyrr
-- liggur við að enginn trúi þessu

-Þegar heimsvitundin hækkar verður yógaflugið auðveldara.

Það byrjar sem hopp, næsta stig er svif, lokastig er að ferðast um að vild.

-Einstaklingur getur stjórnað allri sköpunargleði heims, náttúrunni;
hann er við stjórnborðið

-Allir eru innst inni ofurmenni,
okkar innsta eðli og náttúrua -- öll náttúran
þekkingin er þetta afl -- við höfum greiðan aðgang að henni,
þekkingin býr í vitund.

Hver einasti stjórnmalamaður ætti að sýna sitt heilalínurit þegar hann
býður sig fram. Ekki nóg að hafa sæta mynd og stefnuyfirlýsingu!!

-Maharishi vedavísindi / „Maharishi Vedic Science“ eru ný og heildstæð
vísindi, sem komandi kynslóðir munu skilja og nota.
Venjulegar vestrænar rannsóknaaðferðir og sannanir eru hér notaðar til
að læra um efni og fyrirbæri (hlutlægt og huglægt),
og __auk þess__
gerðar rannsóknir innan vitundar, þar sem engin mannleg hugsun er en
aðeins tær, vökul, sjáandi vitund.
Svo einfalt er nú þetta.

-Kjarnorka er, eins og við vitum, eins og pínulítið jókerblys á gamlárskvöld í samanburði við samsvið allra náttúrulögmála, raunveruna, grundvallarraunveruleikann, sem allt er úr komið.

-Náttúrulögmálin -- stjórnaðskrá alheimsins -- stjórna alheiminum jú snurðulaust, í hraðri framþróun.

-Mannshugurinn þarf að þekkja þetta grunnsvið tilverunnar af eigin reynzlu -- ekki bara af umtali og af bóklestri -- og það er hið auðveldasta og vísindalegasta mál með ofur einfaldri og auðveldri tækni.

-TM gerir tvennt í senn:

* hjálpar öllum til ná sínum eiginlega krafti, öllum möguleikum, sköpunarhæfileikum, sem eru þarna, blunda innra með hverju barni, og

* vinnur á uppsafnaðri streitu og eyðir henni

TM er hæfileikinn til að kyrra hugann oní núll-virkni, sidhi er æfing í að hugsa og starfa útfrá ginnungagapi, tívatúni, innar en nokkuð skapað.

Með TM-sidhi hræra þeir **óðrerir og þjóðrerir** upp í okkur, einstaklingum og þjóðum öllum.

-Enginn vandi er að lifga gárur á Ægi.

Þekkingin er ætíð lifandi í eigin vitund -- óðrerir er þarna alltaf þekkingin er hér í eigin vitund hvers manns.

Við þurfum að sækja þangað.

Vitund kemur ekki í hugann,
hugurinn kemur út vitund,
þangað sækir hann eðlilega,
þangað sækir hann alla næringu,
og gæði hugsana verða æ meiri eftir því sem maður sóast oftar.
Hann vígir sig tæran smátt og smátt.

Yogaflugið sýnir á heilalínuriti að fullkomið samræmi næst í heila manns þegar hann lyftist upp.

Svið eindarinnar er aðgengilegt mannlegri vitund tæknin, TM-sidhi prógram er fyrir hendi hér og nú, og öll skólabörn fá að læra hin æðstu vísindi, verða hinir fullkomnu sjáandi vísindamenn.

-Mannsheilinn og mannlegt taugakerfi, sem frá náttúrunnar hendi er í fullkomnu samræmi við lögmál náttúrunnar í alheimi, eru eitthvað það fullkomnasta sem fyrir finnst í sköpunarverkinu.

Á úrdú heita þau kanuna kudrat.
Allir vita af þeim.
Leitum, hver og einn, til eigin menningar.
Þekkinguna er í öllum fornum síðum að finna.

-Óendanlegir eru hæfileikar og möguleikar mannsheilans,
hins fullkonnasta í heimi, jafnvel í alheimi

Ofurmenni eru menn í eðli sínu,
hið eina rétta handa manni er að vera ofurmenni,
ofurmannlegt er þetta eina rétta, hið eina náttúrulega,
hið eina eðlilega mönnum.

Allir menn geta verið ofurmennin,
allir geta verið eini rétti maðurinn.
Það er ofur-eðlilegt(!).

Aðrir eru enn undirmáls og þurfa að þróast.

Heimssamtök vísindamanna

(Global Union of Scientists for Peace, www.gusp.org)

kenna öllum vísindamönnum eðlisfræði sem útskýrir hvernig friður virkar á einfaldan og áhrifaríkastan háttinn.

Börnin læra þau fræði í grunnskólanum sínum.

www.invincibility.org/message.html

for downloading chart (2.6Mb) by dr.John Hagelin

<http://www.invincibility.org/>

—John Hagelin, Ph.D.

Director, International Center for Invincible Defense

Renowned quantum physicist and public policy expert.

Global Country; the proven formula -- Global Union of Scientists

Einfalt ferli:

þekkingin sem að baki liggur,

útskýringar á hvernig hún virkar í veröld,

hagnýt notkun þekkingarinnar,

rannsóknir gerðar á áhrifunum, sem sanna að hún virkar.

Einföld eðlisfræði gefur skýringuna,

en hér er um að ræða ferli sem alls staðar á sér hliðstæðu í náttúrunni.

-Út frá þekktri hegðun efnis er útskýrt hvernig varnir þjóða, byggðar á þekkingu Maharishis eðlisfræðings, eru byggðar upp frá því sviði, samsviðinu, sem er endalaust kraftmeira en allir herir og öll vopn veraldar samanlagt.

Náttúrulögmálin eru lífguð með tækninni,
en þau eru gersamlega ósigrandi,
-- enda ekki á sviði hins skapaða heldur á því sviði sem er fullkomlega sjálfu sér nógt og sjálfu sér háð og engu öðru.

Enginn mannlegur máttur getur búið þau til.
En maður sem vinnur út frá sviði náttúrulögmálanna er máttugur,

Þjóðarvitund í fullkomnu samræmi verður fullkomin vörn hvernar þjóðar.
Samvitund allra þjóða verður í fullkomnu samræmi,
þannig útilokað að raska henni.
Samræmið er sterkara ósamræmi, komum með það;
ljósið er kraftmeira en myrkrið, komum með það.

Ótal niðurstöður vísindarannsókna sanna þetta.
Hægt er að framkalla fyrirfram vituð áhrifin hvernær sem er og hvar sem er.
Hundruð greina í vísindatímaritum eru til um þessi áhrif.

Auk þess sem engin óvinur kemst að þjóð vegna innra samræmis hennar,
fæðist enginn óvinur,
því aðeins framþróunarkraftur,
og hin endalaus fölskvalausa ást,
stafa út frá þjóðunum
og hafa áhrif um allan heim.
Enginn óvinur fæðist.

asatrú andskotalaus enginn óvinur fyrirfinnst

tat sannidau vairatyaagah तत् स्निदौ वैत्यागह्

í nálægð við samræmi sem myndast við hið fullkomna yog, hverfa væringar.

-Hið fullkomna yóg er sameining einstaklingsvitundar og alheimsvitundar.
Ekkert annað getur með rentu borið nafnið yóga,
en alls konar hatha-jóga asana og teygjur og tilraunir til að kyrra hugann eru til, og betra en ekkert, hjálpa til við að gera frið innan einstaklingsins.

-Kyrrðin, ginnungagap, vinnur þannig að mannlegt mál getur eigi tjáð að neinu gagni.

Menn geta ekki búið til náttúrulögmál.
En menn geta unnið í fullkomnu samræmi við þau.
Kraftur ginnungagaps er alls staðar í senn,
virkar alls staðar í senn (óháð tíma og rúmi).
Allt kemur sjálfkrafa til manna sem vinna þaðan í sínu lífi.
Gungnir frá hugsun einni saman hins tæra,
með Gungni sem við skiljum í Valhöll,
allt verður til, óendanlegir möguleikar eru fyrir hendi.

Þannig munum við stjórna í veröld.
Hinir uppljómuðu „búa til“ samræmi í vitund þjóðanna,
og við sýnum og sönnum að kyrrðin mikla stjórnar öllu,
hún hefur alltaf stjórnar, mun alltaf gera það.
Við lífgum gárur á Ægi, vitund, ginnungagapi,
og það er rétta leiðin til friðar.

Guru Dev, kennari Maharishis, gaf okkur gjöf:
við opnum meðvitund okkar fyrir ginnungagapi,
og við munum finna út að við þurfum ekki einu sinni löngun,
því eindin mikla sér til að móðir náttúra sér fyrir öllum þörfum einherja.

Því tærari sem við gerumst,
þeim mun auðveldar verður að lifa og gera heiminum gott.

Við erum að tala um að ginnungagap stjórnar
og altærir uppljómaðir menn eru tæki þess.

-Vitundin kemur ekki upp í hugann, hugurinn sækir þangað.

-En sérhver áreynsla, með hugsun, einbeitingu, því að banna heilanum
að hugsa, og öðru slíku, flækist fyrir ferlinu,

ferli hugans innávið er náttúrulegt,
en hugsanir sem myndast við að streita losnar eru meðhöndlaðar á
vissan hátt; aðeins með TM-tækninni lærist sú list að meðhöndla þessa
tegund hugsana.

Streita stíflar allt flæði og eyðileggur fyrir mönnunum,
sem sjá ekki vegna streitunnar að þeir eru stíflaðir.

TM losar um gamla uppsafnaða streitu, og kemur í veg fyrir að ný
myndist.
Tær vitund er ginnungagap.

Áhrif þess manns sem er í svona alvöru-yóga nær um allt,
hefur áhrif á allra vitund.
Þegar margir eru saman í hópi verða Maharishi-áhrifin.

Ekkert annað er þau hefur mælt sem vísindalega sannaður friðargjafi,
og
þar sem áhrifin eru handan tíma og rúms,
gerist allt samstundis og alls staðar í senn.

Hugur manns í svona alvöru-yóga vinnur úr skammtasviði þyndgarafs,
samsviðinu.

Engin kennsla um vitund er í gamaldags skólum okkar.
Sem betur fer er þetta að breytast og er í öllum Maharishiskólum,
og öllum skólum sem hafa vitundarþroskamenntun á stundaskrá.

-Stress er farsótt
sem breiðist út um allan heim,
kemur í veg fyrir uppfyllingu óska mannanna.
Langanir mannanna eru drifkraftur,
en til þess að þær séu tý-réttar verður maðurinn að vera altær.

Við skulum ekki halda að langanir okkar séu of óraunhæfar,
heldur skilja að við vanmetum getu okkar,

við stíflum flæði víns valföður með ósvinnu okkar.

Stress er urg og hávaðaframleiðandi
sem stíflar eðlilega reynzlu af tærri vitund

Ábyrgð hvers einstaklings er mikil,
ábyrgð þeirra sem fræða börnin er mikil.
Þeir verða að hafa hinn æðsta skilning.

Gæði þjóðfélagsins er háð gæðum vitundar einstaklinganna sem mynda
það.

Enginn þarf að drífa sólina upp á morgnana,
náttúran sér um það,

og enginn þarf að eyða orku í neina vitleysu,
því náttúran vinnur fyrir alla einherja.
Auðvelt er að verða einherji.

Þá sjá menn að þeirra vitund er einnig vitund fuglanna og fiskanna,
og sjá að náttúran sér um alla.

Einfalt er einherjum því að sækja efni í Gleipni!

-Meðvitund manns í sínu tærasta og „einfaldasta“ ásigkomulagi,
fyllilega opin og flekklaus,
spannar ginnungagap og verslu.
Það er markmið hvers einasta einstaklings.

Þar eð ginnungagap vísar aðeins í sjálft sig, er ekki hægt að rannsaka
það með neinu öðru en því sjálfu.

Svo „heppilega“ er þessu fyrir komið að við erum það,
svo hæg eru heimatökin hér.

Nú kann einhver að spyrja
er ekki hætt á að menn, sem hafa vald á þessari eitthvað milljón milljón
milljón sinnum kraftmeiri tækni en veraldarhugsun er á, geri skyssur?

svarið er: nei nei
vegna þess að í þundarflæði náttúrulögmálanna í tívatúni er aðeins til
það sem stuðlar að framþróun.

Það er kallað Guðs vilji með réttu.
Ekkert annað skyli kalla Guðs vilja. Slíkt er ósvinnra tal.
(28.) Guðs vilji er aðeins í sviði sköpunar, framþróunar, Þundar,
tívatúns,

yatiinaam brahmaa bhavati saarathih (rikved)

यतीनं ब्रह्मा भवति साथिः

Engin hætt er á að gera skyssu þegar ekill okkar er brahman.



Ardjuna og krishna
hvítir hestarnir tákna altær skilningarvit (26.)

Brahm hefur óendanlegan kraft til að hagræða öllu,
er óendanleg kyrrð, óendanleg orka,
krafturinn er lögmál náttúrunnar
sem verða til í tívatúni og vinna í veröld.

-Streitan myndast við að mennirnir stríða gegn lögmálum náttúrunnar.
Um víða veröld eru menn að gera slíkt.

Menn læra ekki að lifa í Þundarflæði og lifa í samhljómi með guðunum.

Menntun er um að kenna.

Börnum er kennt um efni og orku, og þá helzt hvernig hægt er að nýta
menntunina til að fá pening.

Börnin vita ekki hvað náttúrulögmálin eru,
og þeim er ekki kennt að hugsa út frá þeim innan eigin vitundar.

Brotakennd vísindabekkingin leiðir til _góðra_ _eða_ _illra_ verka.
Þetta getur ekki kallast menntun.
slíkt getur ekki kallast menntun.

Börnin læra ekki að hafa náttúruna okkar með sér.

Skilja ekki þanþol hennar,

skilja ekki gjafir hennar,

vita ekki að hún hylur þann ægikraft sem við getum hæglega lifað í flæði með.

Krafturinn er lögmál náttúrunnar
sem verða til í tívatúni og vinna í veröld.

Stjórnun í veröld er máttlaus,
stjórnun úr samsviðinu er kraftmikil.

<http://www.invincibility.org/>

-Dyr Valhallar hafa opnast
öllum mönnum er boðið inn
út streyma einherjar
öllum mönnum stendur til boða að lifa í fullkomnum friði
í allsnægtum og gleði,
nú sjást ummerki breyttra tíma, breytzt heims,
góðu fréttirnar er að finna í hinu og þessu í heimi,
þótt kalí-yuga sé enn að sletta til halanum.

Sat-yúga er að koma.
Kalí-yúga er að skvetta til halanum í síðasta sinn að sinni,
troða halir helveg, en brátt falla fossar og flýgur örn yfir.

Fall Berlínarmúrsins var ekki tilviljun heldur afleiðing hópiðkunar TM-
sidhi og yógaflugs; nákvæmar tölur um samræmið hafa birzt í vísinda-
tímaritum.

Þetta var árangur sem aldrei hefur náðst fyrr
-- við lá að enginn tryði þessu í fyrstu.
Enda var verkefnið endurtekið -- með sömu sannanlegu niðurstöðum.

Svo nú er þetta vel þekkt meðal vísindamanna,
þeas þeirra sem ekki eru forpokaðir og fastir í stöðnuðum filabeins-
turnum sínum.

Hundruð vísindamanna hafa með sér samtök um að vinna að friði með
vísindum vitundar,

milljónir manna nota tæknina sér til heilzubóta (39.) og til að stulða að
heimsfriði.

Þeir sem eru haldnir óreglulegri heilastarfsemi hafa að vísu áhrif,
-- en aðeins á stuttu sviði í kringum sig --
þannig að hver og einn rugluheiladallur hefur eins manns áhrif,
en

hið reglulega er veldisvísishækkandi í áhrifum sínum,

þannig að 2 saman iðkandi vitundarvísindin gera ferföld áhrif til
samræmis

3 sama ní-föld

4 saman 16-föld o.s.frv.

svo við ákveðinn hluta þjóðarinnar iðkandi samræmi verða fasaskipti:

Með TM-tækninni þarf 1% þjóðar til að gera fasaskipti,
allir þurfa að iðka í einu, saman, á sama tíma, reglulega, 2svar á dag.

Með TM-sidhi- og yógaflugstækninni þarf aðeins kvaðrótina af þessu eina prósentu þjóðarinnar.

Samræmið sem myndast með TM-sidhi- og yógaflugstækninni er svo miklu áhrifaríkara til samræmis í þjóðarvitund hverri. Þeir menn ýfa gárur á yfirborði ginnungagaps, vitundar, þær ferðast ekki í tíma og rúmi.

Samræmi er sterkara en ósamræmi.
Fullkomið samræmi úthýsir ósamræmi.

Unnið er að því að breyta hverri heimsálfu,
með því að breyta þjóðum,
með því að breyta einstaklingsvitund alls staðar.
Suður- og Norður-Ameríkurnar eru langt komnar á þeirri brautu.
Ekki vita allir af þessu starfi þúsunda vísindamanna iðkandi samsviðs-
vísindin.

-Stjórn lands er bein afleiðing þjóðarvitundar,
einstaklingsvitund stjórnar gjörðum einstaklings,
þjóðarvitund stjórnar gjörðum ríkisstjórnar.

Einfaldast er að losa alla einstaklinga við streitu.

-Öll börn og allir fullorðnir læra að hugsa í flæði með lögmálum náttúrunnar.
Allar heilbrigðar langanir fá rúm og árangur æviskeiðs næst.

Vísindi vitundar segja okkur:
Einstaklingar, visst hlutfall hvernar þjóðar, valda samstundis breytingu á
þjóðarvitund, fasaskipti verða,
og þegar allar þjóðir taka sig saman: breytingu á heimsvitund;
og það samstundis,
þar eð vitund er ekki í tíma og rúmi,
heldur á því sviði hvar allt virkar hér og nú og um leið alls staðar.

Samræmi eykst í þjóðarvitund,
heildargæði taflsins í tívatúni eru vakin og lifguð í þjóðarsálinni,
heildarsamræmi.

Óðrerir (vitund einstaklinga örvast)
og Þjóðrerir (vitund þjóðar örvast):

Þegar samsviðið og náttúrulögmálin verða lifandi, lifguð, með tækninni,

verða heilabylgjur mannanna samræmdar og samhljómur í veröld.

Hinn fullkomni heilbrigði Gungnir.

Aðeins við að kyrra hugann fá hæfileikar okkar að blómstra og öðlast næringu sem skyldi.

*-Mannshugur sem vinnur útfrá tívatúni er ægikraftmikill;
TM-sidhi þjálfar mannshugann í að vinna útfrá samsviðinu.*

Óendanlegir eru möguleikar mannsandans þegar við höfum lært að stjórna úr tívatúni.

*Að stríða gegn náttúrulögmálunum veldur snurðu,
að lifa og starfa í samræmi við þau, í Þundarflæði, gefur meðbyr.*

-Við skulum láta náttúruna um allt,
því hún þekkir auðveldustu og áhrifamestu leiðina, aðferðina,
hún notar hana alltaf sjálf.

Ef framfara- og þróunarhæfileiki náttúrulögmálanna er lifandi og lífgaður af okkur
þá sér náttúran um okkur
en
ef lögmál náttúrunnar eru misvirt og svívirt af mönnum, menn villast af rétttri brautu,
þá myndast ójafnvægið.

-Séu lög þjóðar í samræmi við náttúrulögmálin
-- sem verður svo sjálfkrafa ef menn lifa í Þundarflæði --
þá verður Þund þjóðinni hliðholl.

Það sem einherja langar verður öllum til góðs.

-Freyja okkar gæti verið tímarúmsfroðan,
og Bölverkur að smjúga gegnum Rata-göngin hafandi brugðizt í ormslíki,
gæti verið ormagöngin (worm-holes sem vísindin þekkja), sem virka alls staðar í senn
án tíma án rúms.

-Með yógaflugi í hópum myndast samstundis Maharishi-áhrif og það um allan heim ef við viljum.
Veldisvísishækkandi með fjölda þeirra sem fljúga í hóp.

Þyngdarkrafturinn er á sviði hins skapaða heims, en yógaflug er skipun úr samsviðinu, þar sem mannshugur gefur skipun úr því sviði með hugsun einni saman.

Aðdráttaraflíð er ekki svo að að stór reikistjarna eða sól tugi í minni, heldur er allt í þessu kúpta eða íhvolfa sem tímarúmið er.

Jörðin er td massi sem gerir dæld í tímarúmið, og þess vegna sækir allt á henni, og tunglið okkar líka, í miðju hennar.

Aðdráttarafl er ekki náttúrulögmál, gengur ekki upp sem lögmál, það er beygla í rúmstíma eða tímarúmi, skammtafyrirbæri, sem býður uppá upb helmingsmöguleika, tölfraðilega séð áætlun en ekki lögmál.

Ég raða kúlum og litlum boltum á gúmmíið á vatnsrúmsdýninni minni, varlega svo þær tolla þar, svo sezt ég í rúmið -- og hvað?
þær rúlla að mér, því ég dældaði gúmmíið.
Já, en: þær rúlluðu að miðju jarðar, svo hún hefur aðdráttaraflíð, ekki þú og þín þynna!!
Jörðin gerir samskonar dæld eða beyglu í tímarúmsþynnuna og ég gerði í dýnuna mína.
Jörðin er ekki með tunglið í bandi, og sólin ekki með reikistjörnunar í bandi. Þyngdarkrafturinn er ekki náttúrulgömál.

-Hrím og superconductor er í Valhöllu, en Hrímnir er einnig eldsheiti, gerir altært, að kæla í lágmark, veldur innra samræmi, minnkar óreglu, býr til/gerir/veldur innra samræmi

Til er a.m.k. eitt skammtafyrirbæra Gungnis-fyrirkomulag sem svífur í loftinu. Ekkert athugavert við það.



engispretta rauðspretta saumspretta !!

þau sprettu aldeilis úr spori!

-- kjöftuðu kjafftoru litlu völvu í kútinn í einu spretti !!!

Það er ekki hægt að hætta !!!

Friðartal er svona örvandi -- enda örlög mannkyns í húfu -- í húfi (afsakið)

Global Country, Heimsfriðarríkið, gefur þekkinguna í menntaskóla, háskólum og grunnskóla:

Hvað er kennt í Maharishi skólum?

Það sem kennt er í Maharishi skólum um víða veröld, og þau svið sem lögð er áhersla á að breyta í samræmi við hin æðri þekkingu, eru fyrir alla menn; öll eiga þau grunn sinn í vitund:

1. Menntun - sem verður heildstæð en ekki brotakennd; -- þekking á grunnsviði því sem náttúrulögmálin eru úr runnin, --- kennd á öllum skólástigum.
2. Heilsa - sem er þekking á grunnsviði mannlíkamans, fingerðustu hljóðum innan fruma og kjarnsýru; -- og heilsa, fullkomin heilsa er það að líkamleg einkenni (sem nútímalæknisfræði eiga við) koma því aldrei fram. Allur Gungnir er stilltur rétt áður en einkenni koma fram.
3. Landbúnaður.
4. Stjórnun, viðskipti, iðnaður.
5. Byggingalist - sthapatya ved, vastu vidya, hið fullkomna umhverfi og betra líf.; engin streita, engin húsaveiki.
6. Lög og regla - en um 700 rannsóknir og tilraunir hafa verið framkvæmdar í amk 32 löndum um öll þau svið sem Maharishi vísindi úr vedu, Maharishi Vedic Science, spanna. Stjórnarskrár gerðar af mönnum eru ekki fullkomnar.
7. Að vera ósigrandi - en sá eiginleiki samsviðsins er þróaður innan mannsins, og við erum, eins og allt annað, úr þessu sviði tilverunnar komin, og höfum aðgang að allri þekkingu á auðveldan hátt -- þegar tæknin er fyrir hendi. Mörghundruð vísindamenn starfa með Dr. John Hageling að þessu verkefni, að þróa á heimsvísu þennan eiginleika

- samsviðs allra náttúrulögmálanna.
8. Tónlist og aðrar listgreinar.
 9. Vísindi og tækni.
 10. Opinber stjórnun.
 11. Stjörnufræði og -þekking.
 12. Tungumál.
 13. Heimsfriður og alheimsstjórnsmál.
 14. Hagfræði.
 15. Tövlufræði.
 16. Samgöngur
 17. Verkfræði.
 18. Trúarbragðafræði.

Dr. Volker Schanbacher, Sviss, kennir að ná fullkomnu valdi yfir og vinna, í daglegu lífi, útrfa ónendanlegum sköpunarhæfileikum lögmála náttúrunnar og hinni æðstu þekkingu, fullkominni þekkingu, ekki brotakenndum lærdómi.

Hin 12 ráðuneyti Heimsfriðarríkisins, Global Country of World Peace:
Menntun
Heilbrigði
Landbúnaður
Byggingarlist
Verzlun og viðskipti
Varnir
Vísindi og tækni
Samgöngur
Stjórnun
Trúarbrögð og menning,
Lög og regla
Fjármál og skipulag

allt grundvallað á vitund og þekkingunni miklu.

*****ISBN 978-9935-409-37-9*****

Þekkingin mikla sem finna má í þessum Óðsmálum inum fornu kemur frá maharishi mahesh yogi, heims mesta eðlisfræðingi og kennara, frá vishva (heims) shanti (friðar) raastram (ríkinu), विश्व शान्ति रास्त्रम् . महर्षि maharishis hugmynd er að finna सनातन धर्म sanaatana dharma (hið eilífa sem uppi heldur) í menningararfinum okkar.

Þekkingin er ægisdjúp og spannar hið veraldlega og samhitaa /ginnungagap /samsvið allra náttúrulögmála /„stjórnarskrá alheims“. Aðeins skilningur á þessu hvoru tveggja til samans getur borið nafnið þekking. Úr hinu óskapaða kemur allt hið hverfula.

Með iðkun samsviðsvisindanna og -tækninnar er unnt að öðlast þessa 200% þekkingu.

Lifa 200% lífi, पूर्णमदः पूर्णमिदं... puurnam adah puurnam idam... आचरिवद् aaschariavat (undur) er grundvallarraunveran kölluð (stofn -char frb.tsjar), a-char, hið óhagganlega. Undur raunverunnar eru torræð inum grugguga manni -kölluð „Mystics of Reality”-

auðskilin inum tæra manni: „ek em ginnungagap”. अहम्ब्रह्मस्मि aham brahmasmi.

Til heilla er í lífi hvers manns að kynnast þekkingunni miklu af eigin raun.

Sjálfur leið þú sjálfan þig. Ég gefinn sjálfum mér. Til þess er samsviðstæknin TM, auðlærð og einföld, eðlileg, náttúruleg -- og nauðsyn hverjum manni í daglegu lífi.

Iðkun samsviðstækninnar og -visindanna, TM®, gerir taugakerfi manna tært, hugan skarpan, flýtir þróun einstaklinga og veraldar í átt til fullkomnunar, gerir 192 ríki heims sjálfstæð friðsöm fullvalda: Friðsamir einstaklingar, friðsamir þjóðir, friður í heimi. Fullkomið samræmi þjóðarvitundar hvernar einustu þjóðar á jörðu veldur friði. Við heyjum frið með visindum og tækni sem maharishi kennir. (globalcountry.org)

Siðþekking er að þekkja forna sið og dýpt hans, að þekkjast forna sið og lifa

Þundarflæði í sátt við náttúrulögmálin, hverra forsetar guðin okkar eru.

Ekki kann góðri lukku að stýra að stríða gegn lögmálum náttúrunnar. Það skiljum við sem forna sið þekkjumst.

Eigin menning þjóða, upprunaleg í umhverfi sínu, upprunaleg meðal fólksins, er til heilla sé hún í heiðri höfð. Aðflutt menning, hversu „samtvinnuð” sem hún kann að vera sögð --til að afsaka eða réttlæta hana-- er rótlaus á rötstöfum meiði og tærri þekkingu forfeðranna. Séu aðfluttar skoðanir taldar „samtvinnuðar“ íslenskri menningu, þarf að skilgreina upprunalega íslenska menningu í því samhengi. Það er ætlun Óðsmála.

Hver þjóð ætti að lifa sinn forna eigin sið स्वधर्म (svadharmar). परधर्म (paradharmar), annarra þjóða kerfi sem þröngvað er uppá þjóð, býður æ heim hættu.

Við skulum skilja launsagnir og táknið okkar ómetanlega fagurra menningararfs. Við þurfum skilning á ginnhelgum svinni, skulum nema upp fimbulrúnir, og þurfum að geta lifað í hula Mímisbrunnisdýpi tilverunnar áreynzlulaust ásamt vöku og svefni, í leik og í starfi. Þaðan kemur meðbyr. Ljá skulum við auga að veði til að öðlast Mímis vizku og minni.

Tæknin til að „nýsast niður” gerir okkur kleift að taka aðeins Týréttar ákvarðanir í þróunar átt, í flæði með Þundu.

Við þurfum að komast í Valhöll sprellifandi og sem fyrst á þessari okkar ævi.



Óðsmál in fornu 40 Kálfholtalækjarhljóð

Goþrún dimmblá

Guðrún Kristín Magnúsdóttir
